

AUGLÝSING

um gjaldskyldu á bílastæðum á lóð Landspítalans í Fossvogi, Reykjavík.

Skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur hefur, í samræmi við c-lið, 1. gr. viðauka 1.1 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019, um fullnaðar-afgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs, og í samræmi við 2. mgr. 86. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, sbr. reglur um notkun stöðureita í Reykjavík og gjaldtöku, ákveðið eftirfarandi fyrir hönd borgarinnar:


Almenn bílastæði austan við Landspítalann í Fossvogi, sem sýnd eru á meðfylgjandi korti, verða gjaldskyld og svæðið verður skilgreint sem gjaldsvæði 4 með gjaldskyldutíma virka daga frá kl. 8-16.

Ákvörðunin tekur þegar gildi.

Skrifstofu sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, 26. október 2020.

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir skrifstofustjóri.

Fylgiskjal.



Mynd 1. Nýtt gjaldskyld bílastæði í Fossvogi.



Mynd 2. Ný gjaldskyld stæði sýnd á Borgarvefsjá, fyrir gjaldskyldu.